



# Form 5

## Finum form

<b>Aldur barna</b>	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
<b>Námssvía</b>	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
<b>Aðstæður</b>	Umhverfi Á opnu svæði hvar sem er.		Árstíð Hvaða árstíð sem er.	

### Lýsing á verkefni

- Kennarinn ræðir við börnin hvaða form þau þekki (*hringur, þríhyrningur, ferningur, rétthyrningur*, etv. fleiri?). Hann getur líka haft formspjöld til stuðnings.
- Kennarinn velur hvaða form á að leita að.
- Börnunum er skipt í pör eða hópa sem hver á að leita að forminu í umhverfinu og taka mynd af því á spjaldtölvu (iPad). Á myndunum hér að neðan má sjá dæmi um *hringi* í náttúrunni.

### Gögn

Formspjöld, þ.e. myndir af helstu formunum geta hjálpað börnunum að læra formin. Það er gaman að geta leyft börnunum að taka myndir á spjaldtölvu af formunum í umhverfinu en þá þarf slíkt tæki að vera til staðar, eitt eða fleiri.



Náttúruskóli Reykjavíkur – Teymi leikskólakennara í útínámi 2015